

Mánudaginn hinn 7. októbermán.

Nr. 20 1889

Haraldur Ó. Briem o. fl.

gegn

Stefáni Guðmundssyni eða til vara  
hreppsnefndinni í  
Geithellnahreppi.

D Ó M U R :

Vorið 1886 fór áfrýjandinn, Haraldur Ó. Briem, úr hreppsnefnd í Geithellnahreppi, en hann hafði verið oddviti, gjaldkeri og reikningshaldari hennar um nokkur undanfarin ár, og var hinn stefndi, verzlunarstjóri Stefán Guðmundsson, kosinn í nefndina í staðinn fyrir hann og jafnframt til að vera gjaldkeri hennar. Að öðru leyti sátu hinir sömu menn í nefndinni eptir sem áður. Hreppsnefndin virðist eigi hafa gjört reikningsskil fyrir fjárhag hreppsins, tekjum hans og gjöldum, fyrir hið undanfarandi fardagaár 18<sup>85</sup>/<sub>86</sub> á rjettum tíma, og kærði því hinn stefndi, verzlunarstjóri Stefán Guðmundsson, «í umboði hreppsnefndarinnar», sem hann kallar það, Harald Ó. Briem, ásamt hinum 4 hreppsnefndarmönnum, er höfðu setið í nefndinni ásamt kærða og enn sátu í henni með kæranda, fyrir sáttanefnd Geithellna, með kæru útgefinni 25. nóvbr. 1886, til þess að fá þá til að gjöra reikningsskil svo og skil fyrir innstæðufje og öðrum eignum hreppsins. Nú varð sáttum eigi á komið, og lætur þá Stefán Guðmundsson «fyrir hina núverandi hreppsnefnd Geithellnahrepps» stefna hinni fráförnu hreppsnefnd, með stefnu útgefinni 8. júlí 1887, fyrir aukarjett Sudurmúlasýslu «til borgunar allir fyrir einn og einn fyrir alla og reikningsskila og málskostnaðarútláta», eins og stefnan

hljóðar. Afrýjandi hafði gjört fjárhagsreikning hreppsins fyrir fardagaárið 18<sup>86</sup>/<sub>86</sub> hinn 15. desbr. 1886, og hafði hlutadeigandi sýslumaður rannsakað hann og gjört athugasemdir við hann hinn 24. febr. 1887, og framhaldsathugasemdir 17. marz s. á. Samkvæmt þessum athugasemdum, og reikningum nokkrum, er fram voru lagðir, um viðskipti þriggja þurfamanna við breppinn, krafðist hinn stefndi þess í áðurnefndri sök fyrir aukarjetti Suðurmúlasýslu, að áfrýjendurnir, Haraldur Ó. Briem og meðhreppsnefndarmenn hans, yrðu dæmdir til að greiða í hreppssjóð Geithellnahrepps 724 kr. 82 a., svo og málskostnað. Með aukarjettardómi Suðurmúlasýslu uppkveðnum 6. febr. 1888 voru áfrýjendurnir, Haraldur Ó. Briem og samhreppsnefndarmenn hans, Ásmundur Jónsson, Sigurður Björnsson, Jón Antoníusson og Gísli Sigurðsson dæmdir til að borga fátækra-sjóði Geithellnahrepps 584 kr. 26 a., og «allan af þessu máli löglega leiðandi kostnað». Þeir hafa nú, allir nema Ásmundur Jónsson, skotið málinu til yfirdómsins með stefnu útgefinni 15. marz þ. á., og gjört þær rjettarkröfur, að málinu verði vísað frá undirrjettinum eða dómurinn dæmdur ómerkur með eða án heimvísunar, eða að þeir, áfrýjendurnir, verði algjörlega sýknaðir, og að Stefán Guðmundsson eða til vara hreppsnefndin í Geithellnahreppi verði, hvernig sem úrslit málsins verða, dæmd til að greiða áfrýjendunum málskostnað eptir mati rjettarins. Hinir stefndu hafa á hinn bóginn krafizt þess, að málinu verði vísað frá yfirdómi, en til vara, að aukarjettardómurinn verði staðfestur og að áfrýjendurnir verði dæmdir til að greiða málskostnað með 120 kr. eða einhverri nægilegri upphæð.

Með því að álíta verður, eptir því sem fram er komið í málinu, að áfrýjunarstefnan hafi verið birt fyrir rjettum hlutadeigendum, sem sje hreppsnefndarmönnum í Geithellnahreppi, þeim sem voru í síðastliðnum aprilmánuði, er eigi ástæða til að taka frávisunarkröfu hinna stefndu til greina.

Við málstilbúnaðinn í hjerði af hálfu hins stefnda eða hinna stefndu er þetta athugavert: 1. Stefán Guðmundsson hefur sem gjaldkeri og reikningshaldari hreppsnefndar Geithellnahrepps kært mál þetta fyrir sáttanefnd og síðan stefnt því fyrir aukarjett, án þess að sjed verði, að hreppsnefndin hafi *ályktað* málshöfðunina eða gefið Stefáni umboð til hennar (sjá tilsk. um sveitastjórn 4. maí 1872 §§ 11, 13, 14, 20 og víðar). — 2. Kæran til sáttanefndarinnar hljóðar um «full reikningsskil», «fullnægjandi skilagrein», er hinum kærðu beri að inna af hendi; stefnan til aukarjettarins talar um dóm «til borgunar og reikningsskila». Það er eigi fyr en við aukarjettarhaldið hinn 25. ágústm. 1887, að hinn stefndi kemur fram með ákveðna fjárkröfu á hendur áfrýjendunum, enda er þessi fjárkrafa byggð á fjárhagsreikningi hreppsins fyrir árið 18<sup>85</sup>/<sub>86</sub> og athugasemdum sýslumanns við reikninginn, er hvorttveggja var gjört eptir að sáttaumleitun fram fór í málinu. Þannig hafa fjárkröfur stefnda á hendur áfrýjendunum, sem eru aðalefni hins áfrýjæða dóms, eigi komið fyrir sáttanefnd til meðferðar og málamiðlunar. — 3. Dómkratan í máli þessu er byggð á athugasemdum sýslumanns við jafnaðarreikning Geithellnahrepps 18<sup>85</sup>/<sub>86</sub>, eins og þegar var getið, en það verður eigi sjed, að hreppsnefndin hafi sjálf rannsakað eða látið rannsaka þennan reikning samkvæmt 20. gr. í tilsk. um sveita-

stjórn 4. maí 1872, nje heldur, að hlutaðeigandi sýslu-  
nefnd hafi rannsakað og úrskurðað hann samkvæmt  
fyrirmælum sömu lagagreinar, eða að hún hafi gefið  
oddvita sínum umboð til að gjöra það.

Þessi málsatvik, sem hjer eru tilgreind, eru svo  
vaxin, að það verður að dæma hinn áfrýjaða aukarjett-  
ardóm ómerkan og vísa málinu frá hjeradsrjettinum.  
Eptir málavöxtum þykir rjett, að kostnaður sakarinnar  
í hjeraði og fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera ó-  
merkur og vísast málinu frá hjeradsdóminum.  
Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn hinn 11. nóvbrmán.

Nr. 36/1889

Andrjes Jónsson

gegn

Þórarni Guðmundssyni  
fyrir hönd Thostrups verzlunar

D ó m u r :

Með dómi kveðnum upp í aukarjetti Norðurmúla-  
sýslu 21. dag desbrmánaðar f. á. var áfrýjandi þessa  
máls, Andrjes Jónsson, dæmdur til að greiða hinum  
stefnda, Þórarni Guðmundssyni fyrir hönd Thostrups  
verzlunar, 25 kr. 65 a. með 5<sup>0</sup>/<sub>100</sub> ársvöxtum frá sátta-  
kærudegi til borgunardags, og ennfremur 240 kr. með  
sömu vöxtum, nema hann vinni eið að því, að hann  
hvorki sjálfur hafi skrifað eða látið skrifa nafn sitt  
undir leigusamning frá 4. ágúst 1886 um leigu af <sup>3</sup>/<sub>4</sub>  
hlutum húseignarinnar Borgarhóls með lóð. Svo var